# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 743/2002 um búfjáreftirlit o.fl.**

1. gr.

Búfjáreftirlitssvæði nr. 23 í 7. gr. III. kafla reglugerðarinnar breytist svo:

Svæði 23 verður Fjarðarbyggð og Mjóafjarðarhreppur.

Svæði 24 verður Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur og Norður-Hérað.

Svæði 25 verður Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

2. gr.

Með tilliti til þeirra breytinga sem getið er í 1. gr. reglugerðarinnar verður númer eftirtalinna eftirlitssvæða sem hér segir:

26. Sveitarfélagið Hornafjörður.
27. Mýrdalshreppur.
28. Skaftárhreppur.
29. Ásahreppur, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra.
30. Vestmannaeyjar, Sveitarfélagið Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.

3. gr.

Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar breytist tilvísun í svæði nr. 24 í tilvísun til svæðis nr. 26.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. apríl 2003.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*